

4. Gangbrautarljós verða tekin í notkun við Hamrahlíð við Hlíðaskóla og á Sundlaugavegi vestan Laugalækjar.

Framangreindar reglur taka gildi 3. október 1973.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 1. október 1973.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Gildistími bráðabirgðaákvæða um umferð í miðborginni samkvæmt auglýsingu, dags. 9. ágúst 1973, hefur verið framlengdur fyrst um sinn, þar til annað verður ákveðið.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 15. október 1973.

Sigurjón Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald lyfjabúða fyrir árið 1973.

1. gr.

Gjald það, sem lyfsölum ber að greiða fyrir árið 1973, vegna lyfjaeftirlits samkvæmt 47. gr. lyfsölulaga nr. 30/29. apríl 1963 skal vera sem hér segir:

I. flokkur	20 000.00
II. flokkur	16 000.00
III. flokkur	12 000.00
IV. flokkur	8 000.00
V. flokkur	4 000.00

2. gr.

Lyfjabúðum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins sem hér segir:

- I. flokkur: Lyfjabúðin Iðunn,
Reykjavíkur apótek.
- II. flokkur: Apótek Austurbæjar,
Apótek Keflavíkur,
Laugavegs apótek.
- III. flokkur: Akureyrar apótek,
Hafnarfjarðar apótek,
Holts apótek,
Ingólfs apótek,